



Dalabyggð

Fréttabréf Dalabyggðar

1. tbl. 1. árg. nóvember 2000

Útgefandi: Dalabyggð

Ábm. Einar Mathiesen, sveitarstjóri

Fréttir

Það er langt um liðið síðan að síðasta fréttabréf Dalabyggðar (Fréttakorn) kom út. Nú er bætt úr því. Aðalefni fréttabréfsins að þessu sinni eru fréttir af framkvæmdum á yfirstandandi ári á vegum sveitarsjóðs, Dalagistingar ehf. og Hitaveitu Dalabyggðar ehf.

Ný smábátahöfn í Búðardal

Framkvæmdir við höfnina í Búðardal hófust í febrúarmánuði s.l. Verkið var fólgið í því að dýpka hafnarstæðið og gera grjóttgarð umhverfis höfnina ásamt yfirborðsfrágangi. Þá var gamli hafnargarðurinn styrktur og lagfærður. Aðalverktaki að verkinu voru Víðimelsbræður ehf. úr Skagafirði. Glerfell ehf. smíðaði og annaðist niðursetningu á bryggjunni. Heildarkostnaður við verkið nam u.þ.b. 22,0 millj. kr. Þar af greiðir ríkissjóður 75% skv. ákvæðum hafnarlaga. Þá fékkst sérstakt framlag frá Hafnarbótasjóði sem nemur 15% af heildarkostnaði verksins. Þáttur sveitarsjóðs nam því 10% af verkinu eða 2,2 millj. kr. Höfnin var tekin formlega í notkun af samgönguráðherra þann 24. júní s.l. þegar Íslendingur lét úr höfn.

Sjóvarnargarður neðan við sláturhús

Gengið var til samninga við Víðimelsbræður ehf. um frágang á sjóvarnargarði neðan við sláturhúsið. Um er að ræða 50 metra langan kafla. Heildarkostnaður við verkið nam u.þ.b. 1,7 millj. kr.

Hótel að Laugum

Þann 8. júní s.l. var ný hótélálma tekin í notkun að Laugum. Verkið var unnið á

kostnað og ábyrgð Dalagistingar ehf. sem er eignarhaldsfélag í eigu Dalabyggðar, Búnaðarsambands Dalamanna, Byggðastofnunar, Flugleiðahótela hf. og tveggja einstaklinga. Elsti hluti heimavistarinnar var endurgerður. Innréttuð voru 22 herbergi þar af 17 tveggja manna og 5 eins manns samtals 39 rúm ásamt móttöku, bar og fundarherbergi. Heildarkostnaður við verkið nam um 80,0 millj. kr.

Gerður hefur verið leigusamningur við Flugleiðahótel hf. sem munu reka hótél á staðnum næstu sumur. Þá er verið að vinna að verkefni í samvinnu við félag eldri borgara um dvalar- og fræðasetur fyrir aldraða. Skortur hefur verið á sérhönnuðum námskeiðum og fræðslu fyrir þennan aldurshóp. Ef hægt verður að koma verkefninu á flot þá mun nýting fasteignanna að Laugum gjörbreytast.

Auglýsing frá Dalabyggð Fjárhagsáætlun 2001

Undirbúningur að fjárhagsáætlun ársins 2001 er hafinn. Félagasamtökum, einstaklingum og öðrum þeim sem vilja koma á framfæri tillögum, óskum, styrkbeiðnum eða öðru sem tengist áætlanagerðinni er bent á að senda inn skrifleg erindi. Erindi þurfa hafa borist fyrir 23. desember n.k.

Sveitarstjóri

Víkingaskipið Íslendingur

Þann 24. júní s.l. lét Íslendingur úr höfn í Búðardal og hóf um leið siglingu sína til Grænlands og Norður-Ameríku. Áhöfn Íslendinga dvaldi á Hótelinu að Laugum

ásamt fjölskyldum sínum á meðan á undirbúningi stóð. Íslendingur lét úr höfn á Jónsmessu í blíðskapar veðri að viðstöddu miklu fjölmenni en talið er að fjöldi gesta hafi verið hátt í eitt þúsund. Við athöfnina flutti Sturla Böðvarsson, samgöngu- ráðherra ræðu ásamt Charles Furey, ferða- og menningar- málaráðherra, Nýfundnaland sem hér var í boði samgönguráðherra. Þá fluttu nemendur grunnskólans gamanþátt og Söngfélagið Vorboðinn söng nokkur lög. Gunnar Marel Eggertsson, skipstjóri Íslendinga, fór með sjóferðabæn og samgönguráðherra leysti landfestar. Í lok athafnarinnar var öllum boðið í kaffi í Dalabúð. Óhætt er að segja þátttakan kom á óvart en talið er að, hátt á sjötta hundrað manns hafi mætt í kaffi í Dalabúð í það heila talið.

Auglýsing frá hitaveitunni

Hitaveita Dalabyggðar ehf. hefur hafið rekstur. Tekið er við beiðnum um tengingar á skrifstofu félagsins sem staðsett er á skrifstofu Dalabyggðar í stjórnsýsluhúsinu. Þar er jafnframt að fá allar frekari upplýsingar um hitaveituna.

Framkvæmdastjóri

Eiríksstaðir – Leifshátíð 11.-13. ágúst

Eiríksstaðir voru opnaðir fyrir ferðamönnum í framhaldi af siglingu Íslendinga til Grænlands og Norður-Ameríku þann 24. júní s.l. Tilgátubærinn, skáli Eiríks rauða og Þjóðhildar konu hans hefur verið endurbyggður um 100 m vestan við rústir hans. Þar gefst almenningi kostur á að skyggast inn í þann heim sem landnámsmenn bjuggu við. Aðsókn hefur farið fram úr björtustu vonum en talið er að um 11 þúsund manns hafi sótt Eiríksstaði heim í sumar. Kostnaður við uppbygginguna og tengd verkefni er

talsverður eða u.þ.b. 90,0 millj. kr. sem að mestu hefur verið greiddur með fjárveitingum af fjárlögum.

Leifshátíð var haldin þann 11. – 13. ágúst s.l. Eiríksstaðir voru þá opnaðir formlega af Halldóri Ásgrímssyni, utanríkisráðherra. Alls sóttu hátíðina u.þ.b. 3.500 manns. Meðal gesta var Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti, Hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup, Anfinn Kallsberg lögmaður Færeyja, Kristjana Motzfeldt, fulltrúi Grænlandsku landsstjórnarinnar, fjármálaráðherra, sjávarútvegsráðherra, umhverfisráðherra, samgönguráðherra og heilbrigðisráðherra, ásamt fjölda annara gesta, innlendra og erlendra. Á hátíðinni var í boði vönduð dagskrá, jafnt fyrir unga sem aldna.

Hitaveituframkvæmdum lokið !!

Framkvæmdum við hitaveituna er að mestu lokið. Um þessar mundir er verið að tengja fyrstu íbúðarhúsin við veituna. Skv. áætlun hitaveitunnar frá því s.l. vor er heildarkostnaður áætlaður um 200 milljónir kr. Framkvæmdin hefur gengið ágætlega þrátt fyrir nokkrar tafir á verktímanum. Jarðhitaleitin í Reykjadal í vor gekk að óskum en nýja holan sem nefnd er hola 11 hefur gert það að verkum að svæðið gefur nú af sér rúmlega 20 l/s af tæplega 85° heitu vatni.

Gert er ráð fyrir að hitaveitan verði tekin formlega í notkun í næsta mánuði.

Meðal efnis í næsta fréttabréfi:

- ✓ Ákvörðun um álagningu gjalda árið 2001.
- ✓ Sameining sveitarfélaga?
- ✓ Meira um hitaveituna
- ✓ Sveitarstjórnarpunktur.
- ✓ Auglýsingar, fróðleikskorn o.fl.

Með kveðju frá ritstjóra